

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða 27. apríl 2023: Fyrirspurn Miðborgar og Hlíða um skólalóð Austurbæjarskóla USK2205008

Skólasamfélag Austurbæjarskóla þ.e.. skólaráð, skólastjóri, Frístundaheimilið Draumaland, yngri barna kennarar og foreldrar við skólann hafa óskað eftir því að skólalóðin og leiksvæði fyrir börnin verði afgirt. Það hversu opin skólalóðin er hefur skapað vandræði í skólustarfinu, m.a. vegna þess að í Miðbænum er mikill fjöldi ferðafólks sem oft ratar inn á skólalóðina á skólatíma, heilu hóparnir stundum og í sumum tilfellum hefur fólk ratað alla leið inn í skóla án þess að eiga þangað erindi. Einnig er ekkert sem stöðvar eða hindrar umferð rafhlaupahjóla og jafnvel vespa sem fara þarna í gegn oft á mikilli ferð. Draumaland, frístund fyrir 1 - 4 bekk er staðsett við Bergþórugötu og beint aðgengi fyrir börnin út á götu. Að sama skapi er ekkert sem afmarkar skólalóðina við bílastæðin. Við teljum að tryggja þurfi öryggi barna á skólatíma betur. Það hefur ekki mátt gera vegna þess að göngustígur í gegnum skólalóðina hefur talist Borgarland, sem og tröppugangur milli skólans og félagsmiðstöðvarinnar Spennistöðin. Nú eru nýjustu upplýsingar þær að þetta sé ekki borgarland og tilheyri skólalóðinni. Íbúaráð Miðborgar- og Hlíða óskar eftir að fá úr því skorið hvort þessi göngustígur sem liggur í gegnum skólalóðina sé borgarland eða skólalóð? Jafnframt óska eftir upplýsingum um það hvort til standi að hafa skólalóðina og leiksvæði fyrir börnin afgirt? Eins er á áætlun að endurnýja eigi skólalóð Austurbæjarskóla árið 2023 og viljum við vita hvort það muni standast? Lóðin og skólinn þarf sannarlega á því að halda.